

Reykjavík 17.07.2012

Sigríður Kristjánsdóttir, deildarstjóri hollustuverndar
Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 – Reykjavík

Efni: Stressboltar með of hátt DEHP gildi

Sæl og blessuð Sigríður.

Hér að neðan má sjá afstöðu og viðbrögð augnlæknastofunnar Sjónlags vegna tilmæla og tilkynningar Umhverfisstofnunar frá 4. júlí 2012 um of hátt gildi DEHP í stressboltum sem fyrirtækið gaf viðskiptavinum sínum.

Viðbrögð Sjónlags vegna athugasemdar Umhverfisstofnunar um stressbolta:

Samkvæmt ábendingu frá Neytendastofu hefur Umhverfisstofnun bent á að stressboltar sem augnlæknastofan Sjónlag gaf fullorðnum viðskiptavinum sínum uppfylli ekki kröfur reglugerðar um innihaldsefni.

Boltarnir, sem gefnir voru á árabílinu 2009 til 2011, innihalda örlítið magn af DEHP sem getur haft skaðleg áhrif á hormón mannslíkamans. Magn DEHP í boltunum er það lítið að Umhverfisstofnun sér ekki ástæðu til þess að innkalla vöruna af markaði og segir að óhætt sé að henda þeim með almennu heimilissorpi, vilji fólk losa sig við þá.

Sjónlag brást við ábendingu Umhverfisstofnunar á ábyrgan hátt, hætti dreifingu boltanna og fargaði þeim sem eftir voru. Umræddir boltar voru keyptir í góðri trú af Tanna ehf. sem um árabíl hefur flutt inn og dreift margvíslegum auglýsingavörum.

Fyrir hönd Sjónlags
Kristinn Ólafsson
framkvæmdastjóri